

INN1IS05

Búið til: Fri, 26 Apr 2013 11:36:26 GMT

Titill

Inngangur að félagsvísindum á starfsbraut

Skammstöfun

INN1IS05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

inngangur að félagsvísindum

Viðfangsefni

Inngangur að félagsvísindum, starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Valáfangi í félagsvísindum á starfsbraut þar sem áhersla er lögð á að bæta skilning á félagslegum fyrirbærum sem hafa áhrif á daglegt líf nemenda. Kynntar verða fræðigreinarnar heimspeki, sagnfræði, fornleifafræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, mannfræði og sálfræði. Kennsluaðferðir eru meðal annars umræður, verkefnavinna, örfyrirlestrar og gestafyrirlestrar. Markmið er að auka færni nemenda í að tjá sig munnlega og skriflega, fjalla um efni út frá eigin forsendum, hlusta á aðra og taka þátt í samræðu og samstarfi. Jafnframt er stefnt að því að námið auki víðsýni og nemendur tileinki sér jafnréttissjónarmið og umburðarlyndi.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- viðfangsefnum fræðigreina á sviði félags- og hugvísinda
- aðferðum og vinnubrögðum félagsvísindamanna
- einkennum mikilvægustu fyrirbæra á sviði þjóðfélagsfræði
- helstu hugtökum í félagsfræði og sálfræði
- þeim stofnunum samfélagsins sem mestu skipta í daglegu lífi
- því hvernig fólk skiptist á skoðunum og ræðir mál til niðurstöðu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja umfjöllun um helstu viðfangsefni áfangans til dæmis í fjölmiðlum
- nota allra algengustu hugtök til að fjalla um efni áfangans
- setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær í samtali við aðra
- bregðast við skoðunum annarra á málefnalegan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- afla upplýsinga um þau þjóðfélagsmál sem mestu skipta ...sem er metið með... verkefnum og umræðum

- nýta þær upplýsingar sem aflað hefur verið til að gæta eigin hagsmuna ...sem er metið með... umræðum
- setja sig í spor annarra og skilja muninn á eigin hagsmunum og annarra ...sem er metið með... umræðum
- tjá skoðanir sínar og bregðast málefnalega við skoðunum annarra ...sem er metið með... umræðum

Námsmat

Símat fer fram alla önnina. Grunnur einkunna er úrlausn verkefna, bæði vikulegra verkefna og annarra verkefna, kynninga og umræðna í kennslustundum.

Skólar

Fyrirmynd